



15. febrúar 2022.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ – Framlag til Barnaskóla Hjallastefnunnar leiðrétting, mál 2111176

Eftirfarandi minnisblað er unnið á grundvelli samþykktar í fræðsluráði Hafnarfjarðar þann 15. desember 2021 þar sem segir:

4. 2111176 - Framlag til Barnaskóla Hjallastefnunnar leiðrétting

Lagt fram erindi frá stjórn foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði varðandi leiðréttingu á framlagi Hafnarfjarðarbæjar vegna grunnskólanemenda.

Fræðsluráð felur mennta- og lýðheilsusviði að taka saman minnisblað um samning við Barnaskóla Hjallastefnunnar áður en frekari afstaða er tekin í málinu.

Erindi frá Foreldrafélagi Barnaskóla Hjallastefnunnar kom með bréfi frá 5. nóvember 2021 þar sem meginefni erindis var:

Undirrituð óska hér með eftir því, fyrir hönd allra foreldra barna í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði, að framlög bæjarins til skólans verði leiðrétt og færð úr 75% undanþágulágmarki af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu, í 100% sbr. 1. mgr. 43.b.gr. laga um grunnskóla 91/2008.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, grein 43b er kveðið á um að sjálfstætt rekinn grunnskóli skuli fá framlag frá sveitarfélagi sem hann hefur aðsetur í og gert þjónustusamning við skólann.

"Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda." (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 43b, seinni málsgrein fyrsta liðar.)

Í skýringum með lögnum á sínum tíma kom lítið fram um útfærslu á þessari lagagrein en þar sagði þó:

Um 43. gr.

Greinin er óbreytt frá 56. gr. gildandi grunnskólalaga en breyting varð á þeirri grein með lögum sem tóku gildi 1. janúar 2007. Í ákvæðinu er gert ráð fyrir því að ákvæði grunnskólalaga taki til skóla sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðherra eftir því sem við á. Í því ljósi að sveitarfélög bera samkvæmt frumvarpinu ábyrgð á að börn sinni skólaskyldu og eigi þess kost að ganga í grunnskóla þykir rétt að taka fram að af hálfu skóla sem hlotið hefur viðurkenningu skuli fylgt ákvæðum stjórnslulaga, nr. 37/1993, við töku ákvarðana sem eru kærarlegar skv. 47. gr. Það á þó ekki við um gjaldtöku. Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að gera ráð fyrir því að einstök ákvæði frumvarpsins geti að öllu leyti átt við um skóla sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðherra. Verður þá m.a. að horfa til þess hvernig til skólagöngu barns er

stofnað í viðurkenndum skólum og gefa verður slíkum skólum ákveðið svigrúm, en að sjálfsögðu í samræmi við markmið og tilgang grunnskólalaga. Er í þessu ljósi gert ráð fyrir því að menntamálaráðherra verið falið að kveða nánar á um viðurkenningu skóla og starfrækslu þeirra í reglugerð. (<https://www.althingi.is/altext/135/s/0319.html>).

Reglugerð um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018 er nánari útlistun á lagagreininni en um fjárframlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla er sagt það sama og í lögnum sjálfum en annað er ítarlegar:

8. gr.

Upphæð framlags úr sveitarsjóði.

Framlag skv. 8. gr. skal nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Útreikningur Hagstofu Íslands skv. 1. mgr. vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Hagstofa Íslands tekur saman 90 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur og birtir fimmta dag hvers mánaðar, á tímabilinu frá október og fram til ágúst, framreiknað framlag skv. 1. mgr. Við framreikning þess skal tekið tillit til verðlagsbreytinga sem orðið hafa frá ákvörðun framlags skv. 1. mgr., þ.e. almennra launahækkana starfsmanna grunnskóla og breytinga á vísitölu neysluverðs, miðað við vægi hvors þáttar í rekstrarkostnaði grunnskóla.

Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofu Íslands. Í þjónustusamningi sem sveitarfélag gerir við rekstraraðila sjálfstætt rekens grunnskóla er heimilt að semja sérstaklega um verðlagsbætur umfram útreikning Hagstofunnar skv. 3. mgr., svo sem um að sveitarfélag reikni breytingar á framlagi úr sveitarsjóði mánaðarlega á grundvelli launataflna í kjarasamningi grunnskólakennara.

Sveitarfélögum er heimilt að greiða sérstakt stofnframlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla. Slík framlög verða eingöngu nýtt í þágu skólastarfsins.

Óheimilt er að taka fjármuni sem rekja má til opinberra fjárveitinga í formi arðgreiðslu eða öðrum fjárhagslegum ávinningi fyrir eigendur sem ekki tengist rekstri og skólastarfi. Þessi takmörkun á einnig við ef hinn sjálfstætt rekni skóli er seldur. (<https://island.is/reglugerdir/nr/1150-2018>).

Útreikningar Hagstofunnar eru þannig meðaltal af öllum kostnaði sveitarfélaga til grunnskóla, þ.m.t. allur kennslukostnaður (almenn bekkjarkennsla, stuðningskennsla og kennsla og aðlögun nemenda af erlendu bergi og sérstök kennsla þeirra), stjórnunarkostnaður, húsnæðiskostnaður (þ.m.t. íþróttahús í/við grunnskóla), kostnaður við skólaþjónustu og sérúrræði eins og sérdeildir og sérskóla. Haustið 2021 var sú tala um 2,28 milljónir króna á nemanda sem meðaltalskostnaður á landinu, svonefnd 100% tala.

Í þjónustusamningi Hafnarfjarðarbæjar og Hjallastefnunnar um rekstur Barnaskóla Hjallastefnunnar hefur allan tímann verið gert ráð fyrir 75% reglunni, þ.e. framlög bæjarins tóku mið af lágmarksupphæð laganna. Það sama á við um framlög bæjarins til skóla NÚ framsýnar sem einnig er í Hafnarfirði. Hafnarfjörður gerir ekki þjónustusamning við aðra sjálfstætt rekna grunnskóla í öðrum sveitarfélögum þótt hafnirsk börn á grunnskólaaldri geti sótt þá og er þá tekið mið af 75% reglunni í greiðslum til þeirra

skóla. (Dæmi um slíka skóla eru Waldorf skólarnir tveir, Suðurhlíðaskóli aðventista, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ og Ísaksskóli svo dæmi séu tekin. Það á hins vegar ekki við um sjálfstætt rekinn sérskóla, sem er einn á Íslandi og heitir Arnarskóli með starfsstöð í Kópavogi, þar sem greiðslur til skólans fara eftir gjaldskrá sem skólinn setur sjálfur, líkt og Klettaskóli gerir sömuleiðis.) Þess utan fær Barnaskóli sérstakar greiðslur frá bænum vegna starfsemi frístundaheimilis í skólanum í samræmi við sér samning um þá framkvæmd.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði fékk endurnýjaðan þjónustusamning við sig þann 22. október árið 2013 þar sem áfram var kveðið á um 75% regluna í greiðslum frá bænum til reksturs skólans. En í þeim samningi kom nýtt ákvæði í 2. gr. samningsins, 2 mlg., sem er eftirfarandi;

Barnaskólinn getur sótt um sérstaka fjárveitingu til sérkennslu og/stuðnings nemenda með alvarlegar fatlanir og nemenda með alvarleg náms/hegðunarfrávik þar sem rökstuðningu og niðurstöður sérfræðinga þess efnis liggur fyrir.

Á grundvelli þessa ákvæðis hefur Barnaskólinn sótt um við upphaf hvers skólaárs um sérstaka fjárveitingu til starfsemi sinnar í samræmi við ofangreint ákvæði. Ákvæðið hefur leitt til að skólinn hefur á hverju skólaári fengið viðbótarframlag sem nemur í reynd um 10-15% viðbótarframlag við 75% framlag bæjarins árlega og framlag bæjarins sé því í reynd um 85-90% á hefðbundnu skólaári (þótt það geti verið örlítill munur þar milli ára, meiri eða minni) en ekki 75% meðalmandakostnaðarins.

Þá er eftir sjálft framlag foreldranna til rekstrar Barnaskóla Hjallastefnunnar. Framlag foreldra í Barnaskóla Hjallastefnunnar er í dag fast gjald, eða kr. 17.700 á mánuði í 10 mánuði á ári eða þá 177.000 á ári ef mið er tekið af vef skólans í dag (<https://bskhfj.hjalli.is/Upplýsingar/Gjaldskra>). Hún er því u.þ.b. 7,5% af rekstrartekjum skólans út frá reiknitölu Hagstofunnar og saman gera allar tekjur skólans hátt í 100% fjárhæðinnar sem Hagstofuútreikningarnir fyrrgreindu sýna. Þessi fjárhæð er þá umfram fjárhæð sem foreldrar í grunnskólum Hafnarfjarðar greiða (en foreldrar í skóla NÚ framsýnar greiða sömuleiðis) en bæði foreldrar í Barnaskóla Hjallastefnunnar og grunnskólum Hafnarfjarðar greiða sérstaklega og aukalega fyrir matarþjónustu, dvalargjöld í frístundaheimili og mögulega önnur sértæk gjöld (t.d. uppihald og gistingu í ferðum). Þjónusta í frístundaheimili hjá Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er sömuleiðis niðurgreidd af bænum skv. sérstökum samningi þar um og skólinn hefur möguleika að fá viðbótarstuðning vegna starfseminnar þar líka sem viðbótar sérstuðning líkt og gerist með kennslustarfsemi grunnskólans, og hefur líka fengið hana.

Niðurstaða

Framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla byggir á lögum og gerð þjónustusamninga milli einstakra skóla við sveitarfélög þar sem þau starfa. Framlög bæjarins til Barnaskóla Hjallastefnunnar gera þannig ráð fyrir 75% reglunni, en skólinn hefur jafnframt sérstakt ákvæði í sínum samningi umfram aðra grunnskóla um viðbótarframlög. Eftir sem áður eru foreldrar að greiða foreldragjöld sem áætla má að séu hátt í 5-10% þeirrar upphæðar sem Hagstofan segir að meðalmandandi í grunnskóla á Íslandi kosti. Það sé í samræmi við það stefnt var að með umræddri löggjöf, þ.e. að foreldrar tækju þátt í rekstrarkostnaði

sjálfstætt rekinna skóla. Það er hins vegar ekkert sem bannar að því fyrirkomulagi sé breytt (þar sem 75% reglan sé lágmark) og það sé ákvörðun bæjaryfirvalda að ákveða það. Markmið minnisblaðsins var fyrst og fremst að skýra lagalega stöðu þess og þá framkvæmd sem núna er í gangi milli Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði (Hjallastefnan) og Hafnarfjarðarbæjar.

Virðingarfyllt,



Vigfus Hallgrímsson, þrounarfulltrúi grunnskóla